



Áætlun um læsi

í skóla- og frístundastarfi



Kópavogsbær

ÁÆTLUN UM LÆSI í skóla- og frístundastarfi



Markmiðið er að árið 2030 geti 90% nemenda sem útskrifast úr grunnskóla lesið sér til skilnings.*

Talað mál

Skapa umhverfi sem er máleflandi og að þar fari fram gæðamálörvun sem styður við málþroska og samskiptahæfni allra barna.
Að geta tjáð sig og miðlað þekkingu sinni í námi og leik er mikilvægt.

Lestur og lesskilningur

Skapa umhverfi sem stuðlar að jákvæðri lestrarmenningu og hvetur til lestrarnáms og ánægju af lestri og ritun.
Að orðaforði barna sé aukinn í þeim tilgangi að efla lesskilning þeirra.

Bókmenntir

Skapa umhverfi sem hvetur til jákvæðs viðhorfs til ólíkra bókmennta í gegnum fjölbreyttan bókmenntaarf; allt frá þjóðsögum og ævintýrum til ljóða og skáldsagna.
Að hlusta, lesa, greina og túlka texta og setja þá í sögulegt samhengi.

Hlustun og áhorf

Skapa umhverfi sem hvetur til hlustunar og áhorfs og ýtir undir ánægju af því að hlusta og/eða horfa á efni af ólíkum miðlum.
Að hlusta er stór þáttur í mannlegum samskiptum og því mikilvægt að börn læri að hlusta á aðra og taka tillit til skoðana annarra í umræðum og rökræðum.

Ritun og málfræði

Skapa umhverfi sem hvetur til tjáningar á blæbrigðaríku rituðu máli og þjálfunar á meginþáttum ritunar; textagerðar og tæknilegra atriða.
Að tjá sig í rituðu máli styrkir færni nemenda, eykur orðaforða og dýpkar skilning á málfræði.

Stafrænt læsi

Skapa umhverfi sem stuðlar að stafrænu læsi barna og ungmenna á ólíka stafræna miðla.
Að efla stafræna borgaravitund til að kenna samfélagslega ábyrgð og siðferðilega notkun tækninnar.

*Nemandi nái fyrsta viðmiði (les 145 orð á mínútu) í Lesferli Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu að vori í 10. bekk.



MAT

Mælikvarði og mælitæki



MÆLIKVARÐI

Leikskóli:

- Niðurstöður EFI, 60% barna með meðal eða góða færni 2030 (grunnstaða tekin 2025)
- Niðurstöður Hljóm-2, 90% barna með meðal eða góða færni 2030 (grunnstaða tekin 2025)

Grunnskóli:

- Niðurstöður stuðningskerfisins Leið til læsis í 1. bekk, 80% barna eru utan áhættu árið 2030 (viðmið samanber RTI, grunnstaða tekin haust 2025)
- Niðurstöður Lesferils að vori 1.–10. bekk, 90% barna ná fyrstu viðmiðum í öllum árgöngum 2030 (grunnstaða tekin 2024, 33% barna eru undir viðmiði 1 við lok 10. bekkjar)
- Niðurstöður Milli mála prófs að vori í 1., 4., 7. og 9. bekk, 65% barna séu á grænum eða gulum skala 2030 (grunnstaða 2024, 40% barna á grænum eða gulum skala)
- Niðurstöður viðhorfskönnunar Skólavogarinnar meðal nemenda í 6.–10. bekk um ánægju af lestri ná 5 á kvarða Skólavogarinnar 2030 (grunnstaða 2024, 4,2)

MÆLITÆKI

Niðurstöður eftirfarandi skimana skal skila til viðkomandi deildar á menntasviði í lok skólaárs.

- EFI
- Hljóm-2
- Leið til læsis, 1. bekkur
- Lesferill að vori í 1.–10. bekk
- Milli mála próf í 1., 4., 7. og 9. bekk
- Viðhorfskönnun Skólavogar meðal nemenda í 6.–10. bekk í grunnskólum af ánægju af lestri

Niðurstöður rýndar af sérfræðingum á leik- og grunnskóladeild menntasviðs og unnar umbótaáætlanir í samstarfi við skóla.

Í læsisstefnum leikskóla kemur fram hvernig nýta á hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn.

Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn nýttur í öllum leikskólum Kópavogsbæjar. Við útskrift úr leikskólum er niðurstöðum skilað til grunnskóla og heildarniðurstöðum hvers leikskóla til leikskóladeildar.

Læsisstefnur sem standast viðmið um læsisáætlun í skóla- og frístundastarfi Kópavogs, útgefin í febrúar 2025, sé til staðar í öllum skólum í lok árs 2025.

Læsisstefnur skóla yfirfarnar af menntasviði á fjögurra ára fresti m.t.t. viðmiða.

Verkefni sem efla læsi skilgreind í öllum starfsáætlunum félagsmiðstöðva og frístunda haustið 2025.

Starfsáætlanir félagsmiðstöðva og frístunda metnar árlega af menntasviði þar sem fram kemur hvernig efla á læsi í starfi þeirra með börnum.

60% starfsfólks í hverjum skóla hafi sótt fræðslu um lestur og læsi á hverju skólaári.

Áætlun um fræðslu fyrir starfsfólk skóla og frístundastarfs í Kópavogi gefin út árlega af menntasviði þar sem nánar er skilgreind fræðsla til hvers starfshóps.

Forsjáraðilum í Kópavogi stendur til boða fræðsla um læsi árlega.

Áætlun um fræðslu fyrir forsjáraðila í Kópavogi um málþroska, lestur, læsi og stafræna borgarvitund.



AÐGERÐIR til að ná fram áætlun



AÐGERÐIR TIL AÐ NÁ FRAM ÁÆTLUN:

- Læsisstefna sem stuðlar að málþroska barna, markvissri lestrarfærni, þjálfun í hlustun og áhorfi, ritun og kennslu í stafrænu læsi sé til staðar í öllum skólum Kópavogs. Sjá viðmið um læsisstefnu.
- Unnin áætlun um skimun frá leikskólastigi upp í gegnum grunnskólann.
- Stuðningur og ráðgjöf frá menntasviði við skóla um gerð og/eða endurskoðun læsisstefnu skóla.
- Stuðningur og ráðgjöf menntasviðs til leikskóla við innleiðingu hæfniramma.
- Stuðningur og ráðgjöf menntasviðs til skóla við innleiðingu á viðmiðum um stafræna borgaravitund.
- Námskeið fyrir starfsfólk skóla- og frístundastarfs um leiðir og verkefni til að ná markmiði læsisáætlunar.
- Námskeið fyrir foreldra um málþroska, lestur og hvernig stafrænir miðlar geta valdeflt og jafnframt skapað hættur.
- Frístundir innleiða námsefnið Frístundalæsi til að efla mál og læsi í frístundastarfi.
- Félagsmiðstöðvar móta verkefni til að efla læsi með stuðningi og ráðgjöf frá menntasviði.
- Vinna áætlun um eflingu bókasafna/upplýsingavera í grunnskólum með það að markmiði að efla almennan lestur barna í samvinnu við skóla, frístundir og félagsmiðstöðvar.
- Efla leiðir til að börn séu daglega í íslensku málumhverfi.
- Menntasvið í samráði við skóla og Bókasafn Kópavogs stuðlar enn frekar að sumarlestri barna og ungmenna.
- Aðgengi að efni til hlustunar og áhorfs fyrir börn verði greint og stuðlað að greiðara aðgengi að hljóðbókasöfnum og myndböndum.

